

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um talningar á nagladekkjum

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 9. nóvember sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Það vakti undur þegar verkfræðistofa var fengin til að sjá um talningar á nagladekkjum með tilheyrandi umsjónarkostnaði. Nú þegar fjárhagur borgarinnar er á heljarþröm, óskar fulltrúi Flokks fólksins eftir upplýsingum um hverjir munu annast talningar, næst þegar á að telja. Flokkur fólksins hefur spurt um þetta atriði áður og kom í ljós að verkfræðistofa var fengin til verksins. Verkefni af þessu tagi telur Flokkur fólksins að starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs geti annast. Nóg fer af fjármagni borgarinnar til ráðgjafafyrirtækja. Fjárhæðin sem EFLA fær fyrir talningarvinnuna er víst trúnaðarmál. Það er auðvitað ekki boðlegt að upplýsingum sé haldið leyndum fyrir borgarbúum í allri umræðu meirihlutans um gagnsæi. Það þarf ekki að ráða sérfræðinga á háum töxtum til að "telja". Bent er á að einingarverð verkfræðistofunnar er tæpar 15 þúsund/klst. Hver hálfími sem er skráður á samskipti- sennilega eitt símtal, kostar sitt, eða rúmar sjö þúsund krónur.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 23. nóvember sl.

Svar:

EFLA hefur haldið utan um talningar á nagladekkjum frá upphafi. Framkvæmdin hefur síðan verið sú að háskólanemar sjá um talninguna sjálfa. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að breyta þessu fyrirkomulagi.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Samgöngustjóri